

Þriðjudaginn 8. Desember 2015 kl 13:00, kom fjallskilastjórn Miðfirðinga saman til fundar að Staðarbakka. Mættir; Heiðar Þór Gunnarsson, Rafn Benediktsson og Valgerður Kristjánsdóttir.

Dagskrá:

1. Unnið að álagningu fjallskila. Fjallskilaskilt er allt sauðfé og hross, veturgamalt og eldra þó ekki hross allt að 5 á lögbýli enda gangi þau í heimahögum. Nokkar umræður urðu vegna þessa. Ákveðið var að hækka verð á einingu um 5% og að hross verði metin til jafns við 7 kindur. Þá verður álagningin í ár: Sauðfé 87 kr hross 609 kr og landverð 1,8% af fasteignaverði. Lambsverð ákveðið 14.200,- kr.
2. Hesthúsið á Húki er að hruni komið og nauðsynlegt að fá nýtt hús. Rætt um að kaupa stálgrindahús og setja það upp á nýjum stað.
3. Milligirðing milli Miðfirðinga og Hrútfirðinga. Rafn lagði fram afrit af beiðni um fjárframlag til áframhaldandi endurnýjunar girðingar milli afrétta Hrútfirðinga og Miðfirðinga fyrir árið 2016, undirritað af Matthildi Hjálmarsdóttir, Jóhanni Böðvarssyni og Óskari Má Jónssyni. Stjórn fjallskiladeildar Miðfirðinga leggur til að girt verði með gaddavír.
4. Göngur, bréf barst frá fjallskilastjórn Hrútfirðinga að austan um að rétta í Hrútatungurétt fyrsta laugardag í september.
5. Rætt um viðhald á girðingum og rétt.
Fundi slitið kl 16:15

Valgerður Kristjánsdóttir